

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – Sjálfsmatsskýrsla 2012-2013

1.útg.

*September 2013
Hrafnhildur Hallvarðdóttir
Pétur Vilbergur Georgsson
Jón Eggert Bragason*



Efnisyfirlit

1	Inngangur	2
2	Starfsemi skólans	3
2.1	Markmið og hlutverk	3
2.2	Nám og kennsla	3
2.3	Námsmat	3
2.4	Þróunarvinna	4
2.5	Nýir áfangar	4
2.6	Áherslur á sköpun og listir	5
3	Sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga	5
3.1	Töluleg gögn um skólastarfið	6
3.2	Samstarf við grunnskóla	8
3.3	Um námsárangur	8
3.4	Ástundun	8
3.5	Yfirlit yfir brottfall	8
3.6	Kennslumat	9
3.7	Sjálfsrýni kennara	9
3.8	Viðhorfskönnun	9
3.9	Viðhorfskönnun vorannar	10
3.10	Samanburður viðhorfskannana	11
3.11	Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN veturinn 2012-2013	11
4	Samstarf	12
4.1	Samstarf framhaldsskóla	13
5	Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði	13
6	Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok	14
7	Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp	15

1 Inngangur

Framhaldsskólum landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í framhaldsskólum er að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Um innra mat segir svo í 41. grein framhaldsskólalaga: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.



Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.“
Sjálfsmat skóla á því að bæta skólastarfið og finna það sem vel er gert og laga það sem betur má fara.

2 Starfsemi skólans

2.1.1 Markmið og hlutverk

FSN er framhaldsskóli sem starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, með síðari breytingum og reglugerðum sem settar eru með stoð í þeim. Hlutverk framhaldsskóla er tilgreint í 2. grein laga nr. 92/2008 og skal starfsemi FSN þjóna því.

2.1.2 Nám og kennsla

Fjölbrautaskóli Snæfellinga er framhaldsskóli með sveigjanlegt og nýstárlegt námsfyrirkomulag þar sem námsrýmin eru opin og allt nám er skipulagt með aðstoð kennslukerfisins „Moodle“. Frá stofnun skólans árið 2004 hefur hann verið leiðandi í breyttum kennsluháttum og í nýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Þar af leiðandi tekur skipulag kennslunnar mið af þessu tvennu. Meginmarkmiðið með því að breyta kennsluháttum er að nám nemendanna verði skilvirkara – að þeir nái betri tökum á námsefninu. Með þetta að leiðarljósi eru notaðar aðferðir við kennsluna sem rannsóknir hafa sýnt að virka betur en hefðbundnar aðferðir. Þessar aðferðir eiga það allar sameiginlegt að megináherslan er á að nemendur séu sjálfir virkir í náminu þar sem það hefur komið í ljós að bestur árangur næst og nemendur læra mest þegar þeir þurfa að vinna í námsefninu og finna lausnir. Upplýsingatæknin er nýtt á margvíslegan hátt í náminu og fléttast inn í alla þætti skólastarfsins. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og að nemandi tjái sig um efni áfangans bæði munnlega og skriflega. Námsmatið byggir á hugmyndum um leiðsagnarmat þar sem kennarinn er að meta vinnu nemenda frá viku til viku. Í nokkrum áföngum eru lokapróf.

2.1.3 Námsmat

Stærstur hluti námsmats í Fjölbrautaskóla Snæfellinga er símat en lítið er um lokapróf. Sagt hefur verið frá vinnu við leiðsagnarmat í skólanum í fyrri sjálfsmatsskýrslum og einnig má lesa um það á heimasíðu skólans:
<http://www.fsn.is/namogkennsla/namsmatogeinkunnir/Leidsagnarmat/>

Markmið skólans í leiðsagnarmati eru:

- Allur skólinn fylgi fyrirkomulagi leiðsagnarmats við mat á námi og ástundun nemenda
- Nemendur taki þátt í sjálfsmati samkvæmt persónubundinni námsáætlun
- Bæta námsárangur og ástundun
- Minnka brottfall



- Bæta líðan nemenda í skólanum
- Auka samvinnu kennara
- Skólinn verði í fararbroddi við þróun leiðsagnarmats

Einkenni leiðsagnarmats er að nemandinn er þátttakandi í námsmatsferlinu og leitast er við að gera námsmatið að órjúfanlegum hluta af námi hans. Matið þarf því að vera innbyggt í kennsluna og kennarar gera ráð fyrir námsmati um leið og kennsla er undirbúin. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast af þeim. Leiðsagnarmat byggist á góðri endurgjöf frá kennurum sem nemendur geta nýtt sér til að verða meðvitaðir um eigin námsframvindu, skýrum markmiðum og matsviðmiðum til að nemendur geti vitað til hvers er ætlast af þeim. Nemendur fá tækifæri til að meta eigið nám með sjálfsmati svo þeir skilji tilganginn með námi sínu og hvað þarf til að ná árangri. Nemendur skila verkefnum jafnt og þétt alla önnina ásamt því að taka stuttar kannarir reglulega. Í nokkrum áföngum eru próf í lotuskilum og í lok annar. Lotuskil eru í október og mars þegar önnin er hálfnuð. Nemendur fá þá einkunnir sem eiga að sýna hvar þeir standa í náminu. Í annarlok fá þeir síðan lokaeinkunn.

Kennarar í FSN hafa haldið áfram að þróa leiðsagnarmat og vinna ötult þróunarstarf í því samhengi. Kennarar miðla nýjum hugmyndum og þekkingu til annarra í hópnum auk þess sem möguleikar í kennsluumsjónarkerfinu Moodle eru nýttir til hins ítrasta.

2.1.4 **Þróunarvinna**

Vinna við breytingar samkvæmt nýrri námskrá hélt áfram veturinn 2012-2013. Í september fengum við til okkar Árnýju Helgu Reynisdóttur til að kynna fyrir okkur Íslandsáfanga sem kenndur hefur verið í Menntaskóla Akureyrar og var sú kynning hugsuð sem upphaf að vinnu við nýja námskrá út frá áherslum nýrrar aðalnámskrár. Vinna hefur verið lögð í að þróa nýjan áfanga þar sem samþætting námsgreina og grunnþættir menntunar eru höfð að leiðarljósi.

2.1.5 **Nýir áfangar**

Skólaárið 2012-2013 fékk Fjölbrautaskóli Snæfellinga styrk úr sprotasjóði til að vinna að þróunarverkefni sem ber heitið Hæfnimiðað nám í FSN. Markmið þessa verkefnis er að þróa heildstætt eins vetrar nám allra nýnema, að samþætta efni sem hingað til hefur tilheyrt ólíkum greinum og að bjóða upp á áhugavert nám við hæfi. Þessi styrkur hefur verið notaður í að vinna grunn að nýjum brautum í FSN og skrifa áfangalýsingar nýrra samþættra áfanga. Þessi nýi áfangi hlaut heitið Fjöllin, fjörður og ég og fékk skammstöfunina FFÉ107 þar sem nemendur fá sjö einingar eftir að hafa lokið þessum áfanga.

Þá hefur verið kenndur í tvö ár áfangi sem ber heitið Heilsa, nám og lífsstíll og hefur skammstöfunina HNL en þar er höfð að leiðarljósi samþætting



efnis sem áður var kennt í íþróttáföngum og lífsleikniáföngum fyrir nýnema.

2.1.6 Áherslur á sköpun og listir

Áfangi sem ber heitið Stórsveit Snæfellsness eða BIG 103, en það er skammstöfun fyrir Big Band, hefur verið kenndur í þrjú ár við FSN. Þetta er áfangi sem er góð viðbót við áfangaframboð FSN og gefur nemendum kost á að spila saman tónlist og þau fá æfingu í að koma fram opinberlega þar sem sveitin heldur reglulega tónleika auk þess að spila á útskrifarhátíðum skólans.

Vorið 2013 var unnið að undirbúningi áfanga sem hefur skammstöfunina SLT103 og er ætlunin að þar sé höfuðáherslan á skapandi starf, tónlist, leiklist og söng. Þessi áfangi hefur samþættingu námsgreina og grunnþætti menntunar að leiðarljósi.

3 Sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Snæfellinga

Sjálfsmatsverkefni skólaársins 2012/2013 voru unnin samkvæmt þriggja ára áætlun sem samþykkt var haustið 2006 og endurskoðuð 2012.

Sjálfsmatsáætlunina er að finna á heimasíðu skólans

<http://www.fsn.is/sjalfsmat/sjalfsmatsaaetlun/>.

Þættir sem voru á dagskrá sjálfsmatsáætlunar á skólaárinu 2011/2012:

Haustönn 2012

- Kennslumat (1/3).
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorfskönnun: líðan, aðstaða, skipulag kennslu.
- Sjálfsrýni kennara: Mat í lok annar.
- Mat á kennsluháttum og kennsluaðferðum.
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).


Vorönn 2013

- Kennslumat (1/3).
- Viðhorfskönnun – líðan – aðstaða – skipulag kennslu.
- Sjálfsrýni nemenda – vörður.
- Sjálfsrýni kennara – Mat í lok annar.
- Ástæður brottfalls – niðurstöður og mat.
- Upplýsingar um námsárangur (skimun skm.)
- Viðhorf útskriftarnema.
- Söfnun ganga (fjöldi nemenda, starfsmanna, brautir og kyn nemenda).
-




3.1.1 Töluleg gögn um skólastarfið


Á haustönn 2012 stunduðu 227 nemendur nám við skólann. Í nemendahópnum voru 98 drengir og 129 stúlkur. Á vorönn 2013 stunduðu 182 nemendur nám við skólann, en af þeim voru 76 drengir og 106 stúlkur.



Í lok september 2012 eru 99 skráðir á félagsfræðibraut, 50 á náttúrufræðibraut, 4 á málabraut, á almennri braut voru 64 nemendur, 4 nemendur voru skráðir á umhverfis- og auðlindabraut og 5 nemendur á starfsbraut.



Á haustönn 2012 voru starfsmenn skólans 29 í 23 stöðugildum og vorönn 2013 voru starfsmenn skólans 29 í 22 stöðugildum.





3.1.2 *Samstarf við grunnskóla*

Haustið 2012 ákvað skólameistari að bjóða 10. bekkingum á upptökusvæði skólans að taka áfanga við FSN. Kostnaðurinn við kennsluna var hjá FSN og kennarar skólans sinntu þessari kennslu á sömu kjörum og annarri kennslu. Alls tóku 33 grunnskólanemendur þessu tilboði þar sem 18 nemendur luku Ens103 og 22 nemendur luku Stæ103 um vorið 2013. Þetta mæltist mjög vel fyrir og það var ánægjulegt að fá þessa nemendur hingað í staðarlotur í hverjum mánuði. Ekki vitim við hvort þetta átti þátt í því að yfir 80% útskrifaðra 10. bekkinga sótti um og fékk skólavist í FSN haustið 2013. Nokkurn skugga bar á þegar í ljós kom að ráðuneyti mennta- og menningarmála neitaði skólanum um að telja þessar einingar fram sem loknar einingar og því voru skilaboðin til grunnskólanna skýr um að þessu yrði hætt jafn snögglega og það hófst.

3.1.3 *Um námsárangur*

Ákveðið var 2007 að hætta að taka saman heildarupplýsingar um námsárangur, einkunnir og föll. Sjálfsmatshópur lagði þá áherslu á að einhver yfirsýn fengist um námsárangur og skólameistari kannaði árangur í einstökum hópum, skimaði einkunnir og skoðaði nánar þau tilvik sem þörfuðust skoðunar, með kennurum. Þeirri aðferð var beitt á skólaárinu 2012 - 2013. Um námsárangur hvers hóps er fjallað á fundum sem skólameistari á með hverjum kennara.

3.1.4 *Ástundun*

Á haustönn 2012 fóru sjö nemendur í svokallað áminningarferli hjá skólameistara. Af þessum sjö hættu fjórir en hinir tóku sig á og eru enn við nám í FSN. Á vorönn 2013 fengu ellefu nemendur áminningu vegna slæmrar ástundunar og þrír þeirra völdu að hætta námi en hinir tóku við sér og eru enn nemendur FSN. Reynsla okkar af áminningarferlinu er afar góð. Nemendur vita nánast alltaf upp á sig sökina og hverfa því sjálfviljug frá námi eða taka sig það mikið á að þau fá að halda áfram. Við eigum þó nokkur ánægjuleg dæmi um nemendur sem hafa hætt námi við skólann eftir að hafa fengið áminningu um slaka ástundun og óskað eftir skólavist einni eða tveim önnum seinna og staðaið sig með þryði. Þeir nemendur sem finna ekki nám við hæfi í FSN lenda að sjálfsögðu í þessu ferli að ósekju þar sem margir þeirra vilja vel en komast lítið áfram.

3.1.5 *Yfirlit yfir brottfall*

Nokkurs misræmis hefur gætt við skráningu á brottfalli hér í FSN. Annars vegar hafa menn tekið mismun á einingafjölda við upphaf annar og hins vegar loknar einingar í lok annar. Með þessari aðferð er brottfallið á haustönn 2012 um 13% og um 9% á vorönn 2013. Ef við erum einungis að skoða höfðatölu þá lítur brottfallið allt öðru vísi út þ.e. á haustönn 4,5% og á vorönn 3,3%. Af þessum sökum birti ég ekki samanburð á milli ára.



3.1.6 Kennslumat

Samkvæmt framkvæmdaáætluninni um sjálfsmat er stefnan sú að meta kennslu hjá þriðjungi kennarahópsins á hverri önn. Kennarar fara síðan í viðtal til skólameistara og þar eru niðurstöður úr kennslumati ræddar, auk niðurstaðna úr sjálfsmati sem kennarar eru beðnir að gera fyrir viðtalið. Skólameistari og kennari koma sér síðan saman um framhaldið, ræða til dæmis hugmyndir um endurmenntun eða þróun kennarans í starfi og hvort einhverjar áherslubreytingar eru æskilegar varðandi starf kennarans. Þriðjungur kennarahópsins var metinn á haustönn 2012 og annar þriðjungur á vorönn 2013. Í báðum tilvikum voru kannanir lagðar fyrir nemendur í LimeSurvey í þeim áföngum sem viðkomandi kennarar kenndu. Unnið var úr þessum kennslukönnunum og niðurstöður sendar til kennara. Eftir að hver kennari hafði fengið ráðrúm til að skoða sínar upplýsingar fór hann í viðtal hjá skólameistara. Eftir hvora önn skiluðu kennarar áfangaskýrslum til skólameistara, sjá fylgiskjal 1.

3.1.7 Sjálfsrýni kennara

Þessum þætti var ekki gerð sérstök skil af sjálfsmatshópnum en minnt á að kennarar vinna sjálfsmat og skila allir kennarar kennsluskýrslu til skólameistara í lok hverrar annar. Í þessari kennsluskýrslu er farið fram á að kennarar rýni í eigin kennslu og kennsluaðferðir, skrifi niður hugmyndir um það sem má breyta og dragi fram það sem vel heppnaðist. Efni þessar skýrslu er síðan rætt í starfsmannaviðtali við skólameistara.


3.1.8 Viðhorfskönnun

Viðhorfskönnun er lögð fyrir alla nemendur skólans á hverri önn þar sem ýmsir þættir eru kannaðir, s.s. líðan nemenda, viðhorf þeirra til aðstöðunnar í skólanum og til skipulags kennslunnar. Megintilgangur þessara kannana er að taka púlsinn á líðan nemenda í skólanum og viðhorfum þeirra gagnvart skólanum og að geta þannig metið stöðuna með nokkurri vissu og þá brugðist við eftir þörfum. Könnunin er meginindleg, í formi spurningalista, sem er send nemendum í tölvupósti, en þau hafa u.þ.b. viku til að svara. Sjálfsmatshópur FSN ásamt kennurum skólans hefur hvatt nemendur til að svara, þar sem nemendum er ætlaður tími til að vinna þetta í ákveðinni kennslustund. Sjálfsmatshópur FSN tekur spurningalistann, sem notaður er, til gagnrýnnar umræðu á hverri önn. Niðurstöður eru síðan kynntar á kennarafundi og nemendur fá kynningu á niðurstöðum á húsfundi. Á haustönn 2012 var svörun með lakara móti og kerfið sem skólinn hefur notað til að vinna úr þessum könnunum var til mikilla vandræða. Skimun gagnanna sem þó urðu til leiddi ekki í ljós áberandi breytingar eða áhyggjuefni en ákveðið var að rýna ekki of mikið í niðurstöðurnar þar sem könnunarhugbúnaðurinn var svo slakur að einungis polinmóðustu nemendur skiluðu svörum.




3.1.9 Viðhorfsskönnun vorannar

Viðhorfsskönnun vorannar fór fram í apríl 2013. Helstu niðurstöður voru þær að um 95 af hundraði nemenda líður mjög vel eða frekar vel í skólanum. Þetta er besta niðurstaða sem komið hefur út úr þessari spurning frá árinu 2004. 86 af hundraði nemenda lýsa einnig ánægju sinni með veru sína í skólanum.





12% nemenda telja sig einhverntímann hafa orðið fyrir einelti í FSN á skólagöngu sinni og 30% nemenda telja sig hafa horft upp á einelti innan veggja skólans.



3.1.10 Samanburður viðhorfaskannana


Samanburður og samantekt

Þeir nemendur sem svara viðhorfaskönnunum okkar í FSN hafa sjaldan verið jákvæðari í garð skólans. Sama hvort er spurt út í matinn í mötuneytinu, áhuga nemenda á náminu, fyrirkomulag námsmats eða gæði kennslunnar. Á skólaárinu 2012-2013 virðast ekki vera vísbendinar um brotalamir sem stundum hafa verið staðfestar með þessum könnunum og er það vel.

3.1.11 Könnun á viðhorfum útskriftarnema FSN veturinn 2012-2013

Sautján útskriftarnemendur svöruðu könnun sjálfrmatshóps veturinn 2012-2013. Þessi könnun er árviss og er þetta annað sinn sem hún er framkvæmd. Það sem er skoðað er hvernig nemendum finnst þjónustan í skólanum, skólabragurinn, kennslan og kennarar ásamt náminu í heild.

Meðal þess sem kom fram í þessari könnun var að allir nemendur stefna á frekara nám:



Flestir útskriftarnema voru á þeirri skoðun að námsráðgjöfin í skólanum hefði nýst þeim vel, andinn í skólanum góður og samskipti þeirra og annara nema góð. Nemendur gáfu skólanum einkunn og meðaleinkunnin var 7,7. Félagslífið í skólanum fékk líka einkunn en meðaleinkunnin þar var 5,9. Flestir nemendur voru einnig ánægðir með kennara skólans, en þeir fengu meðaleinkunnina 7,9. Þessar tölur eru mjög nærri tölum síðasta vetrar.

Af þeim sem svöruðu þessari könnun vildu 95% mæla með skólanum við aðra. Sumir tóku það sérstaklega fram að eftir því sem hefði liðið á námstíman í skólanum hefði viðhorf þeirra til skólans batnað.

4 Samstarf

Kennarar úr Menntaskóla Borgarfjarðar komu í kynningar- og vinnuferð í Fjölbrautaskóla Snæfellinga vorið 2013. Þessir tveir skólar hafa mikinn áhuga á að auka samstarf og samvinnu enda eiga þeir margt sameiginlegt. Báðir skólarnir nota kennsluumsjónarkerfið Moodle og byggja námsmat á leiðsagnarmati. Kennarar Menntaskóla Borgarfjarðar kynnti vinnu við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár fyrir kennurum í FSN og heimamenn sögðu frá sinni reynslu af leiðsagnarmati ásamt því að kynna hugmyndir um vendikennslu (flipped learning).



4.1.1 *Samstarf framhaldsskóla*

Haustið 2012 fengu fjórir framhaldsskólar þ.e. Framhaldsskóli Austur-Skaftafellssýslu, Menntaskólinn á Egilsstöðum, Menntaskólinn á Tröllaskaga og Fjölbrautaskóli Snæfellinga leyfi til þess að tilraunakenna fjarnámsbraut til stúdentsprófs með áherslu á umhverfis- og auðlindafræði. Skólarnir auglýstu undir merkju Fjarmentaskólans, <http://www.fjarmentaskolinn.is>. Aðsókn að náminu var langt undir væntingum og þeir hópar sem settir voru af stað í sérhæfðum áföngum brautarinnar leiðinlega fámennir. Á vorönn 2013 stækkaði hópurinn sem vildi auglýsa sameiginlega undir merkju Fjarmentaskólans og nú er svo komið að skólarnir eru átta og bjóða styttri námsbrautir hvers annars í fjarnámi. Auk þessa skiptast skólarnir á fjarnemum sín á milli án sérstakrar gjaldtöku. Við hér í FSN bindum miklar vonir við þetta samstarf bæði hvað varðar að geta boðið nemendum okkar fjölbreyttara nám og að fjarnámsúrræði aukist.

5 Framhaldsdeild Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði

Fjölbrautaskóli Snæfellinga – FSN, hóf rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði haustið 2007. Aðilar að samningi um rekstur deildarinnar eru: Mennta- og menningarmálaráðuneytið, sveitarfélögin Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur og Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Samningurinn var til fjögurra ára og rann út vorið 2011 og hefur nýr samningur ekki verið undirritaður.

Í framhaldsdeildinni geta nemendur af suðursvæði Vestfjarða stundað nám á framhaldsskólastigi undir stjórn kennara í Grundarfirði með aðstoð nútíma upplýsingatækni. Starfsmenn framhaldsdeildar á Patreksfirði veita nemendum leiðsögn á staðnum og halda utan um starfsemina.

Nám og kennsla í framhaldsdeildinni byggir á aðferðum dreifmenntar, en almennt má segja að dreifmennt sé góður kostur til að brúa bil milli landshluta og gera einstaklingum kleift að stunda það nám sem þeir kjósa sér hvar sem þeir eru staddir. Sjálfstæði í námi er oft meira þar sem nemendur fá ekki eins mikið innlegg og stuðning frá kennara og nemendur í móðurskóla - nemendur þurfa því að taka mikla ábyrgð á eigin námi.

Á ríkisstjórnarfundum sem haldinn var 14. apríl 2011 á Ísafirði var samþykkt að veita kr. 6.000.000 aukalega til FSN til þess að bæta aðstöðu til náms í deildinni bæði með aukinni kennslu í deildinni (staðbundin stærðfræðikennsla) og með því að endurnýja tækjabúnað og huga að nýjum leiðum til dreifkennslu. Við undirritun samnings voru kr. 4.800.000 greiddar út til skólans og seinni hlutinn kr. 1.200.000 nú í ágúst 2013.



6 Fylgiskjal 1 – Sniðmát fyrir kennsluskýrslu kennara í annarlok

1. Hugmyndir eða óðar flugur.
2. Kennari.
3. Áfangi.
4. Önn.
5. Hvernig kennsluhætti notaðir þú í áfanganum? Hvernig var tímanum varið?
(Kennsluaðferðir, vikuáætlanir, þemaáætlanir, nýjungar).
6. Hvernig var námsmat í áfanganum? (T.d. símat eða lokapróf, gerð verkefna, hlutfall einstaklingsverkefna og hópverkefna og fleira sem máli skiptir).
7. Hvernig gekk kennslan að þínu mati? Gekk eitthvað sérstaklega vel? Gekk eitthvað öðruvísi en áætlað var?
8. Gerir þú ráð fyrir að breyta einhverju í áfanganum fyrir næstu önn? Hverju? Hvernig?

Vinsamlega skráið eftirfarandi upplýsingar um áfangann

9. Fjöldi nemenda skráður í upphafi annar (eftir úrsagnardag).
10. Brottfall (fjöldi nemenda sem hættir eftir úrsagnardag).
11. Hlutfall nemenda með falleinkunn.
12. Meðaleinkunn.
13. Einkunnadreifing (stöplarit úr INNU).

Fleiri atriði sem þú vilt koma á framfæri varðandi kennsluna? (T.d. nýjungar, hugmyndir sem kviknuðu, hugleiðingar).



7 Fylgiskjal 2 – Spurningarammi fyrir umræður í rýnihóp

Nám og kennsla í FSN	
1.	Hvernig eru kennsluhættir í FSN?
2.	Hvaða aðferðir eru notaðar við kennslu í FSN?
3.	Verkefnamiðað nám: a. Hópvænna: kostir og gallar? b. Einstaklingsverkefni: kostir og gallar? c. Fjölbreytni í verkefnaskilum og verkefnum? d. Sein skil: bönnuð eða leyfð?
4.	Fyrirlestrar: er mikið um þá, hvað er mikið, viljið þið meira eða minna?
5.	Á að taka upp fyrirlestra og gera þá aðgengilega á netinu?
6.	Fáið þið góða kennslu: hvað er góð kennsla, hvað er léleg kennsla?
Verkefnatímar í FSN	
1.	Hvað finnst ykkur um verkefnatíma ?
2.	Sækið þið hjálpi til kennarans?
3.	Ætti að vera skyldumæting?
4.	Stundataflan, hvað finnst ykkur um hana, ætti hún að vera sveigjanleg?
Námsmat	
1.	Hvernig mynduð þið lýsa námsmati í FSN?
2.	Hvað finnst ykkur um umsagnir og einkunnir?
3.	Hvernig nýtið þið umsagnir?
4.	Hvað finnst ykkur um jafningjamat og sjálfsmat?
5.	Er námsmatið fjölbreytt?
6.	Próf eða símat, hvort kjósið þið?
Skólabragurinn í FSN	
1.	Hver er upplifun ykkar af skólabragi í FSN?
2.	Hvernig er andinn/mórallinn?
Almennt	
1.	Hvernig myndir þú lýsa FSni fyrir ókunnugum og/eða nýjum nemendum?
2.	Hvað er jákvætt við FSni?
3.	Hvað mætti betur fara?